

Frumvarp til laga

um

friðun hjera.

(Lagt fyrir Alþingi 1914.)

1. gr.

Stjórnarráð Íslands getur ákveðið, að hjerar skuli friðaðir vera, nokkurn hluta árs eða alt árið.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum þeim, er sett verða samkvæmt 1. gr., varða 20 kr. sekt fyrir hvert dýr, sem drepíð er eða veitt; rennur helmingur sektarinnar í sjóð þeirrar sveitar, þar sem brotið var framið, en hinn helmingurinn til uppljóstrar-manns.

Með mál út af brotum á friðunarákvæðunum skal farið sem opinber lög-reglumál.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá Th. Havsteen veiðistjóra hefur stjórnarráðið fengið brjef það, sem hjer er prentað sem fylgiskjal, og mælist hann til þess, að löggilt verði ákvæði um friðun á hjerum, sem geri honum fært að gera tilraun til að flytja lifandi hjera til Íslands. Sakir þess, að ætla má að þetta megi að gagni koma, þykir rjett að verða við þessum tilmælum og leggur stjórnin því til að samþykkt sjeu fyrgreind lagaákvæði.

Til stjórnarráðs Íslands.

Undirritaður veiðistjóri, Th. Havsteen, »Maglegaard« við Hróarskeldu, óskar — til að styðja að fjölgun veiðidýra á Íslandi — að flytja alt að 50 hjera frá Noregi eða Færeyjum til landsins og sleppa þeim þar í apríl og maí mánuði 1915, fyrst á Suðurlandi og síðar, ef tilraunin heppnast, einnig á Norðurlandi, og leyfi eg mjer hjer með að beiðast leyfis hins háa stjórnarráðs til þessa.

Til þess að líkindi sjeu til að tilraun þessi heppnist og geti í framtíðinni orðið að nokkru líði fyrir landið, verður það að álitast nauðsynlegt, að allar hjeraveiðar verði fyrst um sinn bannaðar með lögum. Verði innflutningsleyfið veitt, leyfi jeg mjer því allravirðingarfullst að fara þess á leit, að yðar hágöfgi leggi til á næsta Alþingi, að lögleidd verði friðunarákvæði í framangreinda átt.

»Maglegaard« við Hróarskeldu, 18. apríl 1914.

Allravirðingarfullst

Th. Havsteen.
